

## **Stjórnarfundur 22. febrúar 2018 kl. 20.15 Njarðargötu 33.**

**Viðstaddir:** Margrét Helga Hjartardóttir, Hulda Sif Birgisdóttir, Sólveig Simha og Eva Leplat í símasambandi.

### **1. Fjármálin.**

Staða á reikningi félagsins í dag 22. febrúar 2017: 440.000 kr. Af þeirri upphæð er ráðstefnustyrkur sem kom inn frá RANNÍS í byrjun febrúar 80.000 kr.

### **2. Vefsíðan félagsins.**

Rætt var um hátt mánaðargjald fyrir hýsingu síðunnar (ca. 26.000 kr. á ári). Rætt um að hugsanlega sé óþarfi að hafa svona síðu núna á tímum samfélagsmiðla, að frekar væri hægt að hafa opinbera Facebook-síðu og hýsa skjöl félagsins annars staðar. Engin ákvörðun var þó tekin um að gera slíka breytingu að svo stöddu.

### **3. Frönskukeppnin 25. mars.**

- Staðsetning: Margrét ætlar að fá staðfest hjá Jean-François forseta AF að það sé hægt að halda keppnina 25. mars kl. 14.00 í húsakynnum þeirra.

- Í ár verður keppnin fyrir grunnskólanemendur í 8., 9. og 10. bekk og fyrir framhaldsskólanemendur. Það verður ein keppni sama daginn en tveir flokkar og tvenn fyrstu verðlaun, fyrir sitt hvort skólastigið.

- Sólveig tjáði óánægju sína með aðalverðlaun keppinnar í ár en aðalverðlaunin sem sendiráðið hyggst veita nú er námskeið í AF. Hulda Sif tók undir þá gagnrýni. Rætt var um hugsanlega breytingu á þeim, möguleika á að fá flugmiða í verðlaun frá flugfélögunum. Sólveig ætlar að hitta fulltrúa úr sendiráðinu og ræða möguleikann á flugmiðaverðlaunin, benda á að nauðsynlegt sé að veita veglegri verðlaun sem laði að fleiri keppendum og að það feli ekki í sér að sendiráðið þurfi að taka ábyrgð á ferðalaginu líkt og var áður með CultureLab-verðlaunin.

- Dómnefndin: Gaëlle Hourriez-Bolatre sendiráðsritari ætlaði að sjá um að manna hana. Margrét Helga verður í sambandi við hana til þess að fá þau mál á hreint.

- Sólveig ætlar að kanna meðal nemenda sinna hvort þeir vilji frekar gera myndband eða texta fyrir keppnina og í kjölfarið verður ákveðið hvert fyrirkomulagið verður í flokki grunnskólanemenda.

### **3. Aðalfundurinn 10. mars.**

Fyrirhuguð dagskrá er eftirfarandi:

→ Venjuleg aðalfundarstörf.

→ Frönskukeppni framhaldsskólanna.

→ Sumarnámskeiðið 2017.

→ Sólveig kynnir notkun sína á Quizlet-forritinu (skipst á hugmyndum um kennslu ef tími gefst).

→ Greiðslur til stjórnarkvenna fyrir þetta ár.

→ Stöðupróf í tungumálum í framhaldsskólum og DELF-prófið.

→ Gérard Lemarquis og Jóhanna Hálfánardóttir verða kvödd. Margrét ætlar að tala við Gérard um að halda tölu við þetta tilefni.

Fundi slitið kl. 22.30.